

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 334/1993. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jónu Sigurveigu Guðmundsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Tékkasvik. Fjársvik. Umboðssvik. Hlutdeild. Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærðu vegna viðurlaga eingöngu. Áfrýjunarstefna er dagsett 13. júlí 1993. Ákærða krefst þess, að refsing verði bæði milduð og skilorðsbundin. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærðu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er rétt að staðfesta hann.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Jóna Sigurveig Guðmundsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1992.

Ár 1993, fimmtudaginn 27. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-129/1992: Ákærvaldið gegn X, Y og Jónu Sigurveigu Guðmundsdóttur, sem tekið var til dóms 10. maí sl.

Málið er höfðað með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 23. 3. 1992, 29. 9. 1992 og 26. 1. 1993, á hendur ákærðu, X, [...], Y, [...] og Jónu Sigurveigu Guðmundsdóttur, Kirkjubraut 2, Akranesi, kt. 230873-5349.

Með fyrstgreindu ákærinni var málið einnig höfðað á hendur Z, [...], en við meðferð þess kom í ljós, að Z var flutt til Austurríkis og ekki vitað, hvenær hún kæmi til landsins. Ákvað dómarrinn því, að þáttur hennar biði meðferðar, þar til náðst hefði til hennar.

Með ákærinni dagsettri 23. 3. 1992 er málið höfðað á hendur ákærðu X, Y og Jónu Sigurveigu „fyrir eftirtalin brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

— — —

II. Ákærðu Jónu Sigurveigu og Z fyrir að hafa í síðari hluta maí 1991 í Kaupmannahöfn tekið við 75-80 g af amfetamíni af meðákærðu X og Y, sem keypt höfðu efnið fyrir fé, sem ákærða Z lagði þeim til í þessu skyni, sótt 125 g efnisins til Málmeyjar, en það efni höfðu meðákærðu keypt áður og komið þar í geymslu, flutt síðan allt efnið, um 200 g, til Oslóar og þar undirbúið flutning þess hingað til lands. Við komu ákærðu til landsins 1. júní bar ákærða Jóna Sigurveig efnið, og földu ákærðu það við Elínarhöfða skammt frá Akranesi, þar sem ákærða Z afhenti meðákærðu efnið nokkrum dögum síðar, en fyrir sinn þátt í innflutningi efnisins hafði ákærða Jóna Sigurveig áskilið sér verulega fjárhæð úr höndum meðákærðu X og Y.

III. Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærinni dagsettri 29. 9. 1992 er málið höfðað á hendur ákærðu Y og Jónu Sigurveigu „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í maí 1991 í Reykjavík, nema annað sé tekið fram:

I. Tékkasvik.

Ákærðu Y er gefið að sök að hafa gefið út og notað í viðskiptum með eftirgreindum hætti eftirtalda tíu tékka á reikning sinn nr. 5745 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, sem ákærða hafði opnað gagnert til að komast yfir tékkhefti og svíkja út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa, dagsettir 1991, og fékk ákærða Y meðákærðu Jónu Sigurveigu til að selja suma tékkana fyrir sig, svo sem nánar greinir:

1. Nr. 5367328, 20.000 kr., dags. 10/5. Framseldur af ákærðu í SPRON, Hátúni 2 B.

2. Nr. 5367329, 10.000 kr., dags. 14/5. Framseldur af meðákærðu í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

3. Nr. 5367331, 10.000 kr., dags. 14/5. Framseldur af sömu í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

4. Nr. 5367332, 10.000 kr., dags. 14/5. Framseldur af ákærðu í Samvinnubanka (nú Landsb. Ísl.), Bankastræti.

5. Nr. 5367333, 5.000 kr., dags. 14/5. Framseldur af ákærðu í afgreiðslu Olís, Álfheimum.

6. Nr. 5367334, 5.000 kr., dags. 14/5. Óvíst um notkun.

7. Nr. 5367338, 10.000 kr., dags. 15/5. Framseldur af systur meðákærðu, Ingibjörgu Guðmundsdóttur, á Akranesi.

8. Nr. 5367341, 4.800 kr., dags. 15/5. Framseldur af meðákærðu í söluturni á Akranesi.

9. Nr. 5367343, 8.300 kr., dags. 14/5. Framseldur af nefndri Ingibjörgu og notaður á Akranesi.

10. Nr. 5367345, 6.900 kr., dags. 14/5. Framseldur af sömu og notaður á Akranesi.

Ákærðu Jónu Sigurveigu er gefin að sök hlutdeild í framangreindum verknaði með því að taka við úr hendi ákærðu og framselja eða fá framselda fyrir sig ofangreinda tékka í tölulíðum 2-3 og 7-10, enda þótt ákærðu væri fullkunnugt um, að fyrir tékkunum var engin innstæða á reikningi meðákærðu.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvað snertir framangreindan verknað ákærðu Y, en við 248. gr., sbr. 22. gr. sömu laga, hvað varðar verknað ákærðu Jónu Sigurveigar.

II. Umboðssvik.

Ákærðu Y er gefið að sök að hafa bundið Íslandsbanka hf., Lóuhólum 2-6, Reykjavík, til greiðslu á 17 tékkum, samtals að fjárhæð 160.500 kr., sem ákærða gaf út dagana 13.-15. maí og notaði í viðskiptum, í sumum tilvikum með aðstoð meðákærðu, enda þótt innstæða væri ekki á reikningi ákærðu nr. 15634 í bankanum, sem ákærða opnaði skömmu áður gagnert til þess að komast yfir tékkhefti og svíkja út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa í tékkaröðinni 9452377-9452398 að fimm undanskildum.

Ákærðu Jónu Sigurveigu er gefin að sök hlutdeild í framangreindum verknaði með því að taka við úr hendi meðákærðu og framselja eða fá framselda fyrir sig sjö af ofan nefndum tékkum, samtals að fjárhæð 67.000 kr., enda þótt ákærðu væri það fullkunnugt, að ekki var innstæða til fyrir þeim.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga, hvað snertir framangreindan verknað ákærðu Y, en við 249. gr., sbr. 22. gr. sömu laga, hvað varðar verknað ákærðu Jónu Sigurveigar.

III. Tékkasvik.

— — —

I. Ákæra, dagsett 23. 3. 1992.

— — —

Með játningu ákærðu X, Y og Jónu Sigurveigar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um brot þau, sem þeim eru gefin að sök í ákæru, dagsettri 23. 3. 1992, og þar eru réttilega færð til refsíákvæða.

II. Ákæra, dagsett 29. 9. 1992.

Með skýlausri játningu ákærðu Y og Jónu Sigurveigar þykir sannað, að þær hafi framið brot þau, sem þeim eru gefin að sök í ákæru, dagsettri 29. 9. 1992, og þar eru réttilega færð til refsíákvæða.

III. Ákæra, dagsett 26. 1. 1993.

Með skýlausri játningu ákærða X þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru, dagsettri 26. 1. 1993, og þar þykir rétt fært til refsíákvæða.

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Jónu Sigurveigar hlaut hún 6. 11. 1991 þrjátíu daga varðhald, skilorðsbundið í tvö ár, og 20.000 kr. sekt fyrir nytjastuld og ölvunarakstur. Þá hefur ákærða tvívegis árið 1991 sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot. Með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga ber að taka upp ofangreindan skilorðsdóm og dæma með þessu máli. Verður við ákvörðun refsingar ákærðu höfð hliðsjón af ákvæðum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærðu Jónu Sigurveigar hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

— — —

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Ákærðu X og Y greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hrl., 80.000 kr., og ákærða Jóna Sigurveig greiði ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 kr.

Jón Erlendsson fulltrúi flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsivistinni skal draga með fullri dagatölu sextíu daga gæsluvarðhald.

Ákærða Y sæti fangelsi í fjórtán mánuði. Frá refsivistinni skal draga með fullri dagatölu þrettán daga gæsluvarðhald.

Ákærða Jóna Sigurveig Guðmundsdóttir sæti fangelsi í tólf mánuði.

— — —
 Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Ákærðu X og Y greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hrl., 80.000 kr., og ákærða Jóna Sigurveig greiði ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 kr.
